

Titill: Gagnvirk hermun með gervigreind: Nýstárleg nálgun við kennslu um innleiðingu tækni í menntun

Höfundur og flytjandi: Tryggvi Thayer, Menntavísindasvið HÍ

Erindi: Ráðstefna Kennsluakademíu opinberu háskólanna í Veröld föstudaginn 21. nóvember 2025

Ágrip:

Erindi þetta fjallar um þróun og notkun gagnvirkar hermunar sem nýtir spunagreind til að þjálfar kennaranema í gagnrýninni hugsun um innleiðingu upplýsingatækni í nám og kennslu. Hermunin gerði nemendum kleift að upplifa raunhæfar aðstæður þar sem þeir tóku ákvarðanir sem kennarar og fengu að sjá áhrif þeirra og þurftu að bregðast við frekar áskorunum sem komu upp.

Hermunin nýtti 15 tilviksrannsóknir á innleiðingu tækni í skólastarfi sem fjalla bæði um fyrirsjáanleg og ófyrirsjáanleg áhrif. Nemendur völdu eitt af þremur tilvikum - gervigreind í ritgerðarmati, einstaklingsmiðað nám með gervigreind eða sýndarveruleiki í sögukennslu. Í gegnum fjóra áfanga hermunarinnar lýstu þeir einstökum aðgerðum sínum og fengu viðbrögð frá herminum.

Hermunin nýtti spunagreind Claude frá Anthropic til að greina svör nemenda og búa til sértækar afleiðingar sem endurspegluðu beint áhrif ákvarðanna þeirra. Spunagreindin Claude var einnig notuð til að útbúa forritið sem hermunin fór fram í gegnum með svokallaðri "vibe coding" aðferð, sem felst í að forritarinn skrifar engan kóða, heldur lýsir því sem forritið á að gera fyrir spunagreind sem sér alfarið um alla kóðun. Í erindinu verður fjallað um reynslu af þessari aðferð með tilliti til möguleika fyrir háskólakennara.

Nemendur voru almennt mjög ánægðir með hermunina og töldu sig hafa lært mikið af verkefninu. Þó komu upp einhverjar tæknilegar áskoranir sem höfðu áhrif á upplifun sumra. Reynsla sýndi þó að þessi nálgun hvatti nemendur til djúprar íhugunar um flækjur sem geta tengst innleiðingu tækni í námi og kennslu. Ennfremur hjálpaði hermunin nemendum að efla gagnrýnan skilning sinn á margbreytilegum þáttum tækniinnleiðingar og kerfislega verkun tæknibreytinga í skólastarfi.